

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdóminum skal óraskað. Áfrýjendur firmað Guðmundsson & Ellis greiði stefnda Hallgrími Benedikssyni 25. krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Ar 1914, mánudaginn 7. des., var í landsyfirréttinum í málinu 22/1914

Lyder Höydal
 gegn
 Jóni Laxdal
 fyrir hönd
 Jakobs Gunnlögssonar.

kveðinn upp svofeldur

Dómur:

Mál þetta höfðaði gagnáfrýjandi Jón Laxdal kaupmaður í Reykjavík f. h. Jakobs Gunnlögssonar stórkaupmanns í Kaupmannahöfn gegn aðaláfrýjanda, Lyder Höydal, kaupmanni í Vestmannaeyjum, fyrir gestarétti Vestmannaeyjasýslu 5. s-pt. 1912, til greiðslu á skuld, að

upphæð kr. 3993.20 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1912 til greiðsludags, auk málskostnaðar, sem gagnáfrýjandi krafðist og fyrir gestaréttinum. Af sinni hálfu höfðaði aðaláfrýjandi, aðalstefndi í héraði, gagnsök í málinu fyrir sama rétti með stefnu, útg. 5. des. 1912, og krafðist þess, að gagnáfrýjandi, Jón Laxdal f. h. Jakobs Gunnlögssonar yrði dæmdur til þess að greiða sér (ö: aðaláfrýjanda) kr. 40000.00 og málskostnað gagnsakar Var málinu ráðið til lykta í héraði með dómi gestaréttarins 26. nóv. 1913 á þá leið að aðaláfrýjandi var dæmdur í aðalsökinni til þess að greiða gagnáfrýjanda kr. 2662.73 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1912 til greiðsludags, og 40 kr. í málskostnað. en gagnsökinni var vísað frá dómi *ex officio*.

Dómi þessum hefir aðaláfrýjandi, Lyder Höyðal, skotið til landsyfirdómsins með stefnu, útg. 8. maí þ. á., og hefir hann gert þá *aðalkröfu*, að dóminum verði breytt og hrundið þannig, að málinu verði vísað heim til nýrrar dómsálagningar, en *til vara*, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kærum og kröfum gagnáfrýjanda. Og loks hefir aðaláfrýjandi krafist málskostnaðar fyrir gestaréttinum og fyrir yfirdómi eftir mati yfirdómsins. Aðalstefnandi í héraði Jón Laxdal, f. h. Jakobs Gunnlögssonar hefir af sinni hálfu gagnáfrýjað tédum gestaréttardómi og gert þá *aðalkröfu*, að honum verði breytt og hrundið þannig, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða gagnáfrýjanda 3993.20 með vöxtum svo sem krafist var í héraði, en að öðru leyti verði gestaréttardómurinn staðfestur. En til vara hefir gagnáfrýjandi krafist staðfestingar á gestaréttardóminum. Loks hefir gagnáfrýjandi krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati yfirdómsins.

Krafa sú, er aðalsök þessa máls í héraði er af risin, stafar af verzlunarviðskiftum milli aðaláfrýjanda og Jakobs Gunnlögssonar. Eftir því sem séð verður af máls skjölunum hófust þessi skifti árið 1905 og héldu áfram til ársloka 1909, og skuldaði aðaláfrýjandi Jakobi Gunnlögssyni þá, samkvæmt reikningi Jakobs, kr. 5320.50, en um árslok 1911 var skuld þessi komin niður í 3993.20. Og er það sú upphæð, sem um er stefnt í aðalsök þessa máls í héraði. Nokkur hluti skuldar þessarar er þó ferðakostnaður og innheimtulaun, er Jakob tjáist hafa greitt umboðsmönnum sínum, er hann fól innheimtu og framkvæmd réttargerðar einnar, er fram fór 27. og 28. maí 1909 hjá aðaláfrýjandi.

Í janúarmánuði 1909 var aðaláfrýjandi staddur í Kaupmannahöfn, og gaf hann þá út 18. þess mánaðar skuldbindingarskjál nokkurt til handa Jakobi Gunnlögssyni. Viðurkennir aðaláfrýjandi þar fyrst og fremst, að hann skuldi Jakobi »samkvæmt höfuðbókum hans (o: Jakobs) kr. 23588.14. En þar frá átti, samkvæmt skjali þessu, að dragast nálægt kr. 8000 og bætast við nálægt kr. 6000, svo að til frádráttar upphæðinni komu nálægt kr. 2000.00, svo að skuldin er þá viðurkend vera nálægt kr. 21588.14. Ennfremur er það viðurkent, að skuld þessi hafi verið »fallin til borgunar um nýjár 1909, með því eg (o: Höydal) samkvæmt samningi mínum 31. jan. 1908, þá átti að hafa lokið til fulls skuld minni við hr. Jakob Gunnlögsson«. Því næst segir svo í skjali þessu: »Sem tryggingu fyrir greiðslu ofangreindrar skuldar ásamt innheimtukostnaði, afsala eg (o: Höydal) hér með hr. Jakobi Gunnlögssyni allar þær skuldir, er eg á útistandandi á Íslandi, eins og þær eru, og bækur mínar sýna, og eru þær skuldir nálægt 60000.00. krónur. Herra-

Jakob Gunnlögsson hefir einnig rétt til að innheimta allar þær skuldir, er eg á útistandandi á Íslandi«. Ef nokkuð gyldist af skuldum þessum til aðaláfrýjanda, þá skuldbatt hann sig til þess að afhenda það þegar til Jakobs Gunnlögssonar eða umboðsmanns hans. Einnig afsalaði aðaláfrýjandi, eins og það er orðað í skjalinu, Jakobi »allar þær vörur, sem eg (Höydal) hefi, unz skuldinni er að fullu lokið«. Skyldi aðaláfrýjandi afhenda Jakobi eða umboðsmanni hans skrá yfir allar þær skuldir, er hann (þ: Höydal) ætti útistandandi á Íslandi í miðjum febrúar 1909.

Vorið 1909 sendi svo Jakob Gunnlögsson mann til Vestmannaeyja í því skyni að halda ákvæðum skjals þessa til laga. Var þá settur fúgetaréttur í Vestmannaeyjum 27. maí það ár, og krafðist umboðsmaður Jakobs þar 1., að »dómarinn uppáleggi honum (þ: Höydal) að gefa umboðsmanni Jakobs Gunnlögssonar aðgang til hvenær sem krafist verður, að fá útskrift úr bókunum«, 2., að aðaláfrýjanda »verði hér eftir bannað að taka móti nokkrum sem helzt skuldum, sem í bókunum eru, fyr en hann er skuldlaus við Jakob Gunnlögsson«, 3., að aðaláfrýjandi »skili umboðsmanni« Jakobs Gunnlögssonar »vikulega öllu andvirði þess, sem hann selur af vöruleyfum þeim, sem eru í hans (þ: Höydals) vörxlum«, 4., »að honum (þ: Höydal) sé bannað að lána nokkuð út af vöruleyfum, nema með samþykki umboðsmanns« Jakobs og loks 5., að Höydal »nú þegar minst innan 6 daga tæki »Beholding« á öllum sínum vörubirgðum með aðstoð« umboðsmanns Jakobs, »og þeir í sameiningu semji skrá yfir vörurnar«. Daginn eftir 28. maí 1909, var svo kveðinn upp úrskurður í fúgetaréttinum, og voru framangreindar

kröfur umboðsmanns Jakobs Gunnlögssonar teknar að öllu til greina, og jafnvel í niðurlagi úrskurðarins lögð við aðför, ef úrskurði fógataréttarins yrði eigi hlýtt af aðaláfrýjanda.

Gerð þessa hafa málsaðilar nefnt »lögbanns- og löggeymslugerð«, og var henni eigi haldið til laga með málssókn. Aðaláfrýjandi var að vísu staddur í fógataréttinum og hafði eigi mótmælt þá, að gerð þessi færi fram, en eins og gerðin var löguð, að minsta kosti að sumu leyti, virðist þögn aðaláfrýjanda eigi geta hafa svift hann rétti til þess að koma fram með skaðabóta-kröfur út af henni, enda hefir aðaláfrýjandi í þessu máli talið hana með öllu löglega. Og þegar aðalsökin var til meðferðar fyrir gestaréttinum, höfðaði hann gagnsök þessa máls til skaðabóta og bóta fyrir »sársauka og láns-traustsspjöll«, er Jakob Gunnlögsson hafi bakað honum með gerð þessari. Gagnáfrýjandi krafðist frávísunar á gagnsökinni í héraði, af því einu, að því er virðist að sakarefnið væri sakarefni aðalmálsins óviðkomandi, og fyrir yfirdómi hefir gagnáfrýjandi enn fremur haldið því fram, að gagnsökin eigi ekki að komast að í þessu máli vegna þess að sakarefnið í aðalmálinu sé bygt á skulda-bréfi þ. e. áður nefndu skjali frá 18. jan. 1909. Virðist héraðs-dómarinn þar á móti hafa frávísað gagnsökinni af því að um ólöglega málasamsteypu væri að ræða, þar sem gagn-krafan, skaðabótakrafan, væri alt annars eðlis en skulda-krafan, og lætur hann þetta varða frávísun gagnsakar ex officio.

Eins og fyr er sagt, er krafa sú, er gerð var í gagnsök þessa máls, risin út af umgetinni svonefndri »lög-banns- og löggeymslugerð« 28. maí 1909, en gerð þessi

var gerð til tryggingar kröfu þeirri, er gerð var í aðalmálinu eða nokkrum hluta hennar, og auk þess er nokkur hluti kröfunnar í aðalmálinu beinlínis risin af gerð þessari, þar sem krafist er endurgjalds af aðaláfrýjanda á kostnaði er gerðin hafði í för með sér fyrir Jakob Gunnlögsson. Kröfur aðal- og gagnsakar virðast því eigi vera hvorri annari óviðkomandi, heldur þvert á móti af sömu rót runnar, svo að af þeirri ástæðu, að kröfurnar væru hvor annari óviðkomandi sýnist eigi hafa verið ástæða til þess að vísa gagnsökinni frá dómi.

Hin mótbáran gegn gagnsökinni, er eins og sagt var, byggð á því, að aðalkrafan sé skuldabréfskrafa, og sé gagnáfrýjanda því óskýlt að hlíta gagnsök í málinu um umþrætta kröfu slíka sem gagnkrafan sé. Skuldbindingarskjalið 18. jan. 1909, sem gagnáfrýjandi byggir þessar mótbáru sínar gegn gagnsökinni á, verður þó fyrst og fremst eigi talið fullnægja þeim skilyrðum, er í N. L. 5—13—4 eru gerð til skuldabréfa til þess að þau útiloki það að gagnkröfur komist að, því að skjal þetta verður eigi talið »pur Haandskrift«, þar sem upphæðirnar í því eru eigi einusinni nákvæmlega tilgreindar. Í öðru lagi hefur skjal þetta aðeins verið lagt fram í eftirriti í málinu, en eigi í frumriti, er þó virðist sjálfsagt skilyrði til þess að það geti fullnægt skilyrðum N. L. 5—13—4. Í þriðja lagi er krafan í aðalmálinu eigi grundvölluð á skjali þessu, heldur afritum úr verzlunarbókum Jakobs Gunnlögssonar, og loks er nokkur hluti aðalkröfunnar runninn af »lögbanis- og löggæmslugerð« þeirri, er áður greinir. Þessi ástæða fyrir réttmæti frávísunarkröfunnar sýnist því alls eigi á rökum byggð.

Báðar kröfurnar, aðal- og gagnkrafa, eru peninga-

kröfur, og getur því alls eigi verið um neina ólöglega málasamsteypu að ræða, er héraðsdómarinn ætti að láta varða frávisun ex officio.

Samkvæmt framanrituðu verður því að líta svo á, sem aðaláfrýjanda hafi verið heimilt að höfða gagnsök í máli þessu svo sem hann hefir gert, og stefna í henni málflutningsumboðsmanni Jakobs Gunnlögssonar, samkvæmt N. L. 1—2—20, sbr. 1—4—20. En afleiðing af því verður sú, að héraðsdómaranum bar að leggja dóm á gagnsökina að efni til. Fyrir því verður eigi hjá því komist að dæma hinn áfrýjaða gestaréttardóm ómerkan og vísa málinu heim aftur í hérað til löglegri dómsáleggningar, og skylda héraðsdómarann til að leggja dóm á aðal- og gagnsök að efni til í því ástandi, er málið var í, þá er það var tekið til dóms í héraði 28. maí 1913.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur á að vera ómerkur og vísað málinu heim í hérað til löglegri dómsálagningar. Gagnáfrýjandi Jón Laxdal fyrir hönd Jakobs Gunnlögssonar greiði aðaláfrýjanda, Lyder Höyðal, 40 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Hinn dæmda málskostnað ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.